

55. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn heima að Hólum hinn 13. mars 2017, kl. 16:00.

Mætt voru: Erla Björk Örnólfsdóttir (EBÖ), Sveinn Ragnarsson (SR), Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (GPG), Jón E. Friðriksson (JEF), Katrín Sigurðardóttir (KS) og Sævar Skaptason (SS). Jónína Lilja Pálmadóttir boðaði forföll. Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

EBÖ setti fundinn (kl. 16:08). Áður en gengið var til dagskrár var fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

Dagskrá samþykkt, eins og hún var fyrir lögð:

1. Bókun 1 frá 54. fundi. Formleg afgreiðsla.
2. Bókun 2 frá 54 fundi. Fagleg nálgun.
3. Kennsluskraá HH 2017-2018, umfjöllun og afgreiðsla.
4. Önnur mál.

Gengið til dagskrár.

1. Bókun 1 frá 54. fundi

Formleg afgreiðsla háskólaráðs á tilnefningu Erlu Bjarkar Örnólfsdóttur til áframhaldandi skipunar í stöðu rektors Háskólans á Hólum, til næstu fimm ára frá 1. júní 2017 að telja. EBÖ lagði fram drög að bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra þessa efnis, byggð á upplýsingum frá starfsmanni ráðuneytisins og sambærilegu erindi vegna Háskóla Íslands. Drögin samþykkt eins og þau voru fyrir lögð, og bréfið undirritað af SR, GPG, JEF, KS og SS. EBÖ mun sjá um að koma bréfinu í réttan farveg.

2. Bókun 2 frá 54. fundi

Úr þeirri bókun: „...*tækifæri til eflingar innra starfs skólans, með bætt starfsumhverfi og aukna vellíðan starfsfólks í fyrirrúmi. Bætta stöðu Háskólans á Hólum þarf að nýta til þess að auka samheldni og ánægju starfsmanna og leggur háskólaráð til að fengnir verði utanaðkomandi sérfræðingar til þess að auðvelda stjórnendum skólans að ná þeim markmiðum.*“

EBÖ kynnti tvær nálganir að viðfangsefninu. Annars vegar frá Lífi og sál sem SS hafði aflað og hins vegar frá Strategic Leadership.

Fyrir lá að SS hafði kynnt sér möguleika á og kostnað við áframhaldandi aðkomu starfsmanna *Lífs og sálar* að þessu verkefni, sem telja má að hafi hafist haustið 2016.

Kostnaður vinnustaðagreiningar og skýrslugerðar um stöðuna var áætlaður 2,6 m.kr. miðað við viðtöl við 30 starfsmenn, 1,4 m.kr. miðað við viðtöl við 15 starfsmenn.

EBÖ aflaði upplýsinga frá *Strategic Leadership ehf.* (SL), sem sérhæfir sig í leiðtogaþjálfun samkvæmt styrkleikanálgun og 360°mati einstaklinga, sem fylgt er eftir með markþjálfun og vinnustofum. Nálgun SL er til langs tíma. Kostnaður við námskeið frá SL, miðað við átta þátttakendur, er áætlaður um 4,4 milljónir.

EBÖ kynnti einnig mögulegar leiðir til fjármögnunar verkefnisins, með styrkjum frá Starfsþróunarsetri háskólamanna, Þróunar- og símenntunarsjóði SFR og væntanlega

starfsmenntunarsjóði embættismanna. Aðkoma hinna tveggja fyrrnefndu var gerð möguleg með vinnslu starfsþróunaráætlunar fyrir Háskólann á Hólum, árið 2015. Allir fundarmenn tóku þátt í ítarlegum umræðum um málið. Meðal annars var velt upp hvaða starfsmenn ættu að fylla þennan hóp, og tillaga EBÖ er um 10 tiltekna yfirmenn/millistjórnendur. Helstu áhyggjur sem lýst var, lutu að hvernig – ef til kæmi - verkefnið yrði kynnt fyrir starfsmannahópnum, og hvernig tryggt yrði að gagnsemi þess næði til allra, undirmanna jafnt sem yfirmanna. Eins hvort aðferðafræði sem þessi fæli í sér nokkra greiningu á þeim vanda, sem kunnir að vera til staðar.

Allir sammála um að þessi nálgun sé allrar athygli verð, og EBÖ falið að afla ítarlegri upplýsinga, þ.m.t.

- frá þátttakendum í fyrri verkefnum á vegum fyrirtækisins (n.k. meðmælendum)

- hvernig tengingum við/í einstakar deildir gæti orðið háttað

- kostnað og öflun styrkja

Málið þurfi einnig að taka fyrir í framkvæmdaráði.

EBÖ falið að vinna áfram með málið, á þessum nótum, og áhersla lögð á að það gangi hratt fyrir sig.

3. Kennsluskrá Háskólans á Hólum fyrir háskólaárið 2017 – 2018

Samþykkt samhljóða, eins og hún er út gefin á Hólavefnum.

4. Önnur mál

a. EBÖ upplýsti að afkoma skólans fyrir rekstrarárið 2016 sé neikvæð orðin, og því lakari en áður hafði verið gert ráð fyrir. Þetta orsakast af afskriftum viðskiptakrafna. Ráðuneytið hefur samþykkt rekstraráætlun ársins 2017. Var það gert með „fjárveitingabréfi“ sem nýverið barst skólanum, og ber að birta á heimasíðu skólans.

b. EBÖ upplýsti að einhver hreyfing virðist vera í sambandi við sölu á Nemendagörðum. Auk frágenginnar sölu á einni íbúð, er sala annarrar í ferli og nýlegar fyrirspurnir um hinar 38.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:08.